

Hestaíþróttadómarafélag Íslands

Stjórn:

Gylfi Geirsson, formaður, Pjetur N Pjetursson, gjaldkeri, Pétur Jökull Hákonarson, ritari. Varastjórn, Þórir Örn Grétarsson og Karl Áki Sigurðsson.

Fræðslunefnd:

Ísólfur Þ Línal, formaður, Pjetur N Pjetursson, Pétur Jökull Hákonarson og Friðrik Már Sigurðsson.

Innri mál:

Haldin voru tvö samræminganámskeið síðastliðið vor á vegum fræðslunefndar og stjórnar HÍDÍ, þau voru haldin í reiðhöll Gusts og í reiðhöllinni á Blönduósi.

Virkir dómara eru 80 og er það fjölgun frá fyrra ári. Námskeiðin stóðu yfir í einn dag hvort. Mette Manseth var fengin til að halda sýnikennslu og halda fyrirlestur, því miður tilkynnti hún forföll á síðustu stundu fyrir norðan. Einnig fengum við þau Susanne Braun dýralæknir og Pjetur N Pjetursson til að halda fyrirlestra.

Almenn ánægja var með þessi námskeið og er það hugur fræðslunefndar að efla þau enn frekar.

Haldið var nýdómaranámskeið á Hólum í Hjaltadal og þreyttu þar níu prófið og stóðust fjórir þeirra. Leiðbeinendur voru þeir Pétur Jökull Hákonarson og Jónsteinn Aðalsteinsson.

Norðurlandamót var haldið í sumar og sendum við þrjá dómara fyrir Íslands hönd, þá Einar Örn Grant, Friðfinn Hilmarsson og Elísabet Jansen.

Alþjóðleg dómaraáráðstefna var haldin á Íslandi í ár nánar til tekið á Hvanneyri. Dómarafélagið var ekki haft með í ráðum og er það með öllu óskiljanlegt að stjórn LH skuli ekki hafa haft samráð við stjórn HÍDÍ um svo mikilvæg málefni eins og raun ber vitni. Þar sem það er hlutverk HÍDÍ að vera í forustu, þegar fjallað er um málefni íslenskra hestaíþróttadóma á Íslandi. Það er ósk okkar að stjórn LH endurskoði sín vinnubrögð og starfi á faglegan og metnaðarfullan hátt.

F.h. stjórnar HÍDÍ
Gylfi Geirsson.